

ÓÐINN

7. BLAÐ

OKTÓBER 1907.

III. ÁR.

Sighvatur Bjarnason bankastjóri

er fæddur í Reykjavík 25. janúar 1859, sonur Bjarna Kristjánssonar tómthúsmanns í Hlíðarhúsum (dáins 1875) og konu hans Þorbjargar Sighvatsdóttur, náfrænku Benedikts sýslumanns Sveinssonar; hún er enn á lífi og dvelur hjá þessum syni sínum. Foreldrar hans voru mjög fátæk, svo að hann átti við þróngan kost að búa í uppvextinum. Varð löngu fyrir ferminu að ganga að allri vinnu, sem drengjum er talin fær, til þess að ljetta undir með foreldrum sínum, og engin efni voru á því að kosta hann til skólanáms.


Haustið 1873 komst hann í þjónustu Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar. Jón heitinn sá þegar, hvað í piltinum bjó, og kom honum árið eftir, þá 15 ára gömlum, á skrifstofu landshöfðingja (Hilmars Finsen), enda reyndist Jón honum ávalt mjög vel. Síðan var hann fastur skrifari á landshöfðingjaskrifstofunni til ársloka 1885. Þá fjekk hann veitingu fyrir bankabókarastöðunni við Landsbankann nýstofnaðan, og fór hann þá þegar utan, til þess að búa sig undir hið nýja starf sitt. Í Danmörku dvaldi hann svo til þess að kynnast bankastörfnum þangað til um sumarið 1886, er Landsbankinn tók til starfa. Bókari við Landsbankann var hann 1886—1904, en vann jafn-

framt sem aðstoðarmaður á skrifstofu landshöfðingja þangað til árið 1896. Þegar Íslandsbanki komst á fót, 1904, varð hann bankastjóri (meðbankastjóri) við hann. Um sama leyti sæmdi konungur hann justistráðsnafnbót.

Kona hans er Ágústa Sigfúsdóttir (Jónssonar frá Undirfelli).

Svo sem venjulegt er í fámennum fjelagsskapum þá menn, er öðrum þykja fremri að dugnaði

og hyggjuviti, hefur verið hlaðið mörgum annarlegum störfum á Sighvat. Hann hefur þannig haft á hendi um nær 20 ár umboðsstörf fyrir brunabótafjelög, og er nú aðalumboðsmaður einsliks fjelags. Skipaður var hann fjárhaldsmaður Reykjavíkurdómkirkju 1887, en varð brátt að segja því starfi af sjer vegna annrikis. Hann hefur um langt skeið haft á hendi stjórnar- og endurskoðunarstörf í ýmsum fjelögum. Verið t. d. í stjórn sjúkra- og styrktarsjóðs verslunarmanna síðan 1890, álika lengi í stjórn Ekknasjóðs Reykjavíkur, í stjórn Hjúkrunar- fjelags Reykjavíkur síð-



SIGHVATUR BJARNASON.

an það var stofnað, í yfirstjórn Heilsuhælisfjelagsins, verslunarskólans o. s. frv. Einn af stofnendum Oddfellowfjelagsins hjer í Reykjavík 1897.

Í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur var hann frá 1887—1893, endurskoðunarmaður bæjarreikninganna 1890—1896, sat í bæjarstjórn árin 1900—1905. Að hann var eigi endurkosinn í janúar 1906 kom til af því, að menn kunnu ekki að nota

kosningalögin nýju (hlutfallskosningalögin) í fyrsta sinn.

Af því, sem að framan er sagt, má sjá það, að hann hefur haft mjög þýðingarmiklum atvinnustörfum að gegna. Nú skipar hann það sæti, er mikið er undir fyrir land og lýð, að í sitji góður maður og gegn, og því var hann til þess kosinn. Svo er það og ljóst af því sem talið er að framan, að hann hefur látið mikið til sín taka um almenn mál, lagt ótrauður fram krafta sína bæði í þarfir landsins og bæjarfélags Reykjavíkur, og einnig í þarfir ýmissa gagnsamlegra og góðra fyrirtækja, enda hefur hann að maklegleikum í fylsta mæli notið trausts og virðingar samborgara sinna. Vinsældir þær, sem hann átti að fagna hjá almenningi meðan hann var við Landsbankann, hafa og fylgt honum eftir að hann varð bankastjóri við Íslandsbanka.

Sighvatur Bjarnason er meðalmaður á hæð og svarar sjer vel, skarpleitur í andliti, ljós að yfirlitum, og snyrtimaður í allri framgöngu. Hann hefur verið hinn mesti starfsmaður alla sína æfi, afkastamaður mikill og ósjerhlífinn. Sá sem þetta ritar hefur um nokkur ár unnið með honum og getur af eiginni reynd borið um frábæra ósjerplægni hans og ósjerhlífni við verk. Hann hefur fjölhæfar gáfur, er talaður vel á mannfundum; á prenti hefur ekki sjest mikið eftir hann fyrir utan Landshagsskýrlurnar, en hann var um mörg ár einn aðalhöfundur þeirra; það sem hann ritar er ljóst og skipulegt.

J. M.



TVÖ KVÆÐI.

KVÖLD.

Pangað sem stjarna ógnar-ylgja
Ægir við dimmblá himintjöld,
Pangað sem skýja biljett bylgja
Brýtur á mána öld af öld,
Pangað sem mynda logar ljósir
Leiptrandí kvíkar himinrósir
Beini jeg augum kyr látt kvöld.

Komandi tíða svipa-syndir,
Sægur með fjölbreytt vonaskraut,
Og fortíðarinnar furðumyndir
Fleggjast of kalda vetrarbraut.
Ljómar þar einn í loga glæstum,
Lýsir um stund af þengli hæstum,
Hnigur svo dýpst í heljarskaut.

Slik eru lífsins lög og venja.

— Það letrað dreyra víða sjest:
Peir, sem að fremstir flugið þenja,
Fallar og dýpst og særast mest.
Sá, sem að stendur höfði hærri
Hinum, er nornum skotmark kærri;
Það hæst er stefnir fellur flest.

Á meðan jarðarhnöttur hendist
Um himindjúpin geysivið,
Á meðan heimi aldur endist —
Mun aldrei linna dægurstrið.
Því menn — sem hrönnin hafsins kalda
Hnigur í lægð og ris sem alda —
Fæðast og andast ár og síð.

Hefjast og falla lit jeg lýði
Sem logi kviknar, brennur, deyr.
Skeytir ei döpru dægurstriði
Það drottinvald, er reidir geir;
Sá voðakraptur vikurbliði
Viknar ei hót þótt stöðugt myndi
Úr fögru holdi fúinn leir.

Og sem í moldu maður rotnar
Og maðkar naga beinin hans
Líkami þjóðar líka grotnar
Og lífið flýr úr brjósti lands,
Sje metinn hæst sá mörvambaði,
Sje magi feitur efst á blaði
Og æsta takmark íbúans.

Dimmir í austri, húmský hniga
Og hótar nótt að gripa völd;
Döpur og fáleg sje jeg síga
Við sjónarbauginn rökkurtjöld.
Skyldi þá aldrei aftur birta,
En altaf halda fram að syrtá?
Er virkilega komið kvöld?

ÓRAR.

Upp yfir fjöllin himinháu
Hugurinn tíðum leggur veg;
Leikur hann sjer í lofti bláu
Sem ljósinn norðurs guddómleg.
Ó, að hans mætti' jeg fylgja flugi
Um feiknum þrungen kynjalönd,
Pangað sem stjarna þúsund tugi
Prúðug um geiminn leiðir hönd.

Mætti jeg lífsins möndul skoða,
Það magn, á viðum geimsins hyl
Er tilverunnar bljes fram boða
Frá byrjun, sem var engin til;
Og segulhjóli sífelt veltir,
Er síðan blandar lán við harm,
Svo mann hvern ljós og myrkur eltir
Frá móðurlífi' á grafarbarm.